

## 86. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 3. október, 2006, kl. 18:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Björgvin Ólafsson, Guðmundur Kristinsson, Emil Þ. Guðbjörnsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Deiliskipulagstillaga af parhúsum við Móholt.  
*Nefndin leggur til að unnin verði ný deiliskipulagstillaga.*
2. Deiliskipulagstillaga við Borg Skúlagötu. Lögð fram umsögn hafnarnefndar dags 3.10.06.  
*Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt í auglýsingu.*
3. Deiliskipulagstillaga af Víkursvæði.  
*Nefndin leggur til að skipulag verði fullunnið með tilliti til athugasemda nefndar.*
4. Endurskoðun á Aðalskipulagi. Vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.  
*Lagt er til að vinnufundur verði haldinn vegna endurskoðunar á aðalskipulagi.*
5. Þorbjörn Geir Ólafsson og aðrir eigendur að Reitavegi 6 óska eftir lóðarstækkun sbr. bréf dags 15.08.2006. Erindi frestað á fundi 5.09.06.  
*Ekki er fallist á stækkun lóðarinnar.*
6. Hafsteinn Sigurðsson óskar eftir að byggja bílskúr við Silfurgötu nr. 11 samkvæmt teikningum frá Brynjari Danielssyni dags. ágúst '06. Stærðir 42,5 m<sup>2</sup>, 155,1 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Fallist er á lóðarstækkun að gangstétt. Gjöld samtals kr.*
7. Aðkoma að Hafnargötu 11 um Silfurgötu og bílastæði samkvæmt bréfi frá Viggó Jörgenssyni dags. 18.09.06.  
*Erindi frestað.*
8. Pétur Geirsson f. h. Hús og Hótel Stykkishólms sækir um að staðsetja tímabundið 2 sumarhús á lóð hótelsins sbr. bréf dags 26.09.06.  
*Nefndin leggur til að húsin verði staðsett tímabundið á lóð við Hamraenda nr. 4.*

- Björgvin situr hjá undir lið 9.
9. Björgvin Ólafsson Laufásvegi 4 óskar eftir leyfi fyrir garðhúsi á lóð sbr. bréf dags. 20.09.06.  
*Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum. Gjöld samtals kr.*
  10. Jón Á. Ingólfsson og Sigrún E. Svavarsdóttir Skúlagötu 15 óska eftir leyfi fyrir tveimur bílastæðum samkv. teikn. og bréfi dags. 1. október 2006.  
*Erindi frestað. Liðum nr. 4 og 5 í bréfi vísað til bæjarstjórnar.  
Bókun: Emil Guðbjörnsson legst gegn stækkun lóðar vegna bílastæða.*
  11. Sigríður Pétursdóttir Lágholti nr. 21 sækir um að klæða hús og bílskúr samkvæmt bréfi dags. 3.10.06.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.*
  12. Fyrirspurn frá Friðriki Jónssyni um að byggja við húsið Víkurgötu 1, samkvæmt tillöguteikningum frá Teiknistofu Glámu Kím dags. 29.09.06.  
*Nefndin tekur jákvætt í stækkun á húsinu en aðlaga þarf viðbyggingu betur að húsi og nánasta umhverfi.*
- Emil og Þorbergur sitja hjá undir lið nr. 13.
13. Emil og Bergur ehf sækir um að byggja parhús að Borgarhlíð 2-4, samkvæmt teikningum frá Teiknistofunni Glámu Kím dags. 15.09.06. Stærðir: Borgarhlíð nr. 2, 74,8 m<sup>2</sup>, 248,3 m<sup>3</sup>, Borgarhlíð nr. 4, 85,9 m<sup>2</sup>, 288,5 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.*
- Björgvin Ólafsson situr hjá undir lið nr. 14.
14. Lögð fram tillaga að legu götu og bílastæðum við Laufásveg 1 til 10.  
*Samþykkt að vinna eftir tillögu.*
  15. Lagt fram bréf frá Orkuveitu Reykjavíkur vegna athugun á lagningu göngustígs meðfram hitaveitulögn.  
*Neikvæð niðurstaða Orkuveitu Reykjavíkur á lagningu göngustígs kynnt.*
  16. Byggingarreglugerð umræða.  
*Erindi frestað.*
  17. Önnur mál.
    - 17.a Þorbergur spyr um hvort til stendur að skipuleggja svæði undir frístundabyggð.
    - 17.b Þorbergur bendir á að setja þurfi aftur upp umferðarskilti við Silfur götu 9b um vijkjandi umferð.
    - 17.c Fyrirspurn frá Emil um stöðu deiliskipulagstillögu á svæði frá Nesvegi að Tjarnarási.

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 21:40.

Ásgeir Gunnar Jónsson (sign)  
Björgvin Ólafsson (sign)  
Guðmundur Kristinsson (sign)  
Emil Guðbjörnsson (sign)  
Eydís B. Eypórsdóttir (sign)  
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)